

Ágætu íbúar og aðrir gestir.

Ég vil fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjanesbæjar bjóða ykkur velkomin til þessa 17. júní fagnaðar. Það er mikill heiður að fá að standa hér á þessari hátíðlegu stund og fá að segja nokkur orð.

Af hverju er gott að búa í Reykjanesbæ? Ég segi öðrum oft og reglulega frá því hvað mér finnst frábært að búa hér með tækifærin allt í kring og að ég vilji hvergi annars staðar vera. Ég hvet okkur til að nota hvert tækifæri til að segja frá því hvað við erum stolt af samfélaginu okkar, tala um allt það jákvæða og þora að taka pláss.

Samfélagið okkar er mátulega stórt, fjarlægðirnar hæfilegar, íbúar vinalegir og sú þjónusta sem við þurfum er auðsótt í næsta nágrenni. Hér eru þjónustustofnanir, verslanir, hótél, iðnaðar- og frumkvöðlafyrirtæki sem vekja athygli víða. Að ónefndri náttúrunni sem hefur heldur betur látið í sér heyra og sýnt sínar kraftmiklu hliðar undanfarin ár. Við erum með öflugt fagfólk í fjölbreyttum störfum sem vinnur óeigingjarnt starf í þágu okkar íbúa og fyrir það erum við þakklát.

Við sjáum heilmikla uppbyggingu hér um allan bæ sem snýr að umhverfis- og skipulagsmálum, nýjum og bættum stofnunum, þróunarsvæðum, fasteignum sem íbúar eru að betrubæta til að fegra umhverfið og fyrirtæki sem leita til okkar með stóra drauma. Og það er okkar að skapa jarðveg fyrir þau á sama tíma og við hlúum að þeim sem eru hér fyrir.

Við erum með öflugt ungt fólk sem lætur okkur í bæjarstjórn heyra það með reglulegu millibili og mikilvægt er að við hlustum og heyrum hvað unga fólkið okkar er að segja. Við erum einnig með kröftugt eldra fólk sem stendur vörð um hagsmuni sína.

Íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarf er til mikillar fyrirmyndar og samvinna félaga og deilda gerir það að verkum að stórkostlegir hlutir gerast. Í menntastofnunum okkar er unnið frábært starf. Fagfólkið þar fær hvern styrkinn á fætur öðrum fyrir þróunarverkefni sem tekið er eftir á landsvísu. Og þegar opinberar stefnur og námskrár eru samþykktar þá eigum við oftast en ekki mjög stóran þátt í því.

Menningarstofnunum okkar er stýrt af krafti og gífurlegur metnaður lagður í að skipuleggja viðburði sem henta okkur íbúum, á öllum aldri.

Starfsfólk sem heldur utan um velferðarmál okkar leggur alúð í að tryggja okkur öryggi og nærgætna einstaklingsmiðaða þjónustu.

Svona gæti ég haldið áfram fram á kvöld til að fanga allt það sem er jákvætt en vil biðla til okkar allra að standa saman og standa vörð um samfélagið okkar.

Að lokum vil ég segja að í vinnu við nýja markaðsstefnu þurftum við að rýna inn á við. Hagsmunaaðilar voru beðnir um að segja hvað það er sem einkennir Reykjanesbæ í þeirra huga. Í stefnunni kemur fram, og það kemur mér bara alls ekki á óvart, að seigla og þrautseigja eru eiginleikar sem við tengjum okkur helst við. Við erum sterk, við erum stolt, við stöndum saman og setjum kraft í allt sem við gerum. Við þorum að vera öðruvísi, sýnum metnað og gerum það vel. Við stöndum stolt á bak við einkennisorð Reykjanesbæjar sem eru „Í krafti fjölbreytileikans“ sem vísar til þess hversu mikilvægt það er fyrir stórt sveitarfélag eins og okkar að virkja þann kraftmikla og fjölbreytta mannauð sem við búum yfir.

Kæru íbúar og gestir, við skulum njóta þeirrar fjölbreyttu dagskrár sem boðið er upp á hér í dag og hafa gaman. Við getum aldeilis verið stolt af því að vera hluti af okkar fjölbreytta og sterka samfélagi hér í Reykjanesbæ.

Takk fyrir og gleðilega hátíð!